

## Fundargerð félagsfundar-03 Vatns- og fráveitu- félags Íslands, Aðalfundur VAFRÍ 2013

Haldinn: Stofa 158 í VRÍI - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga.

Tími: 30. apríl 2013 kl. 12.00

Fundarstjóri: Sigurður Magnús Garðarsson, deildarforseti umhverfis- og byggingarverkfræðideildar HÍ

Pátttakendur: Boðaðir félagsmenn.

### Dagskrá:

#### 1. Setning fundar og kjör fundarritara.

Sigurður Magnús Garðarsson setti fundinn og stakk upp á að Sigurbjörn Búi Sigurðsson yrði fundarritari og var það samþykkt.

#### 2. Erindi: „Hreint vatn fyrir heiminn“, Sveinn Þórólfsson.

Sveinn Þórólfsson, prófessor við NTNU í Noregi, hélt erindi um hreint vatn fyrir alla.

#### 3. Erindi: „Kynning á flóðahandbókinni“, Jónas Elíasson.

Jónas Elíasson, prófessor emerítus við Háskóla Íslands kynnti flóðahandbókina, sem er aðgengileg á vefsíðu VAFRÍ. Hann greindi frá því að stefnt verður að því að halda námskeið úr efni flóðahanbókarinnar.

#### 4. Aðalfundarstörf VAFRÍ

##### a. Skýrsla stjórnar.

Hrund Andradóttir, Formaður VAFRÍ, las upp skýrslu formanns sem fjallar um sögu félagsins, fjölda félaga, markmið með félaginu og áherslur nýrrar stjórnar á árinu 2012-2013. Greint var frá formlegri skráningu félagsins, stofnun og uppbyggingu vefsíðu félagsins, ráðstefnuhaldi og innheimtu félagsgjalda.

##### b. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Íris Þórarinsdóttir las upp Rekstrarreikning VAFRÍ 2012-2013. Rekstrartekjur félagsins voru 78 þkr. Rekstrarniðurstaða og eignir í lok árs voru 73 þkr í peningum.

##### c. Kosning stjórnar

Eftirtaldir aðilar gáfu aftur kost á sér í stjórn VAFRÍ:

Hrund Ó. Andradóttir, dósent við HÍ

Íris Þórarinsdóttir, fagstjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur

Dagur Jónsson, Vatnsveitustjóri, Vatnsveitu Hafnarfjarðar  
Jónas Elíasson, prófessor emerítus, HÍ

Aldís Ingimarsdóttir gaf ekki kost á sér áfram. Henni er þakkað fyrir gífurlega vel unnin störf. Stungið var upp á Sigurbirni Búa Sigurðssyni tæknistjóra kalda vatnsins hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Þessi 5 manna stjórn var samþykkt samhljóða af fundargestum. Hrund var endurkjörin sem formaður félagsins til eins árs í senn.

**d. Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.**

Lagt var til að skoðunarmaður með félaginu yrði áfram Hilmar Sigurðsson, var það samþykkt samhljóða.

**e. Ákvörðun á félagsgjöldum.**

Á stofnfundi félagsins var lagt til og samþykkt að félagsgjöld yrðu 2000 kr á ári, Innheimta á þessum félagsgjöldum hófst síðasta ár. Hrund lagði til að félagsgjöld yrðu áfram 2000 kr á einstakling, en jafnframt væri boðið upp á fyrirtækjaaðild, þar sem fyrirtæki undir 20 heildarstarfsmanna myndu greiða 10.000 kr í árgjald og stærri fyrirtæki myndu greiða 20.000 kr í árgjald. Fyrirtækjaaðild gæti einfaldað innheimtu hjá fyrirtækjum með marga starfsmenn. Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða af fundargestum.

**f. Önnur mál.**

Margir tóku til máls eftir formleg aðalfundarstörf:

- Sveinn Þórólfsson beindi til stjórnar að íhuga að úthlutað yrði úr sjóð sem yrði til hjá félaginu, til afburðarnámsmanna.
- Nokkrir fundarmenn ræddu um innheimtu félagsgjalda og hvort ekki væri rétt að senda rukkun í heimabanka til að ekki gleymdist að greiða eða sendur póstur til að minna menn á greiðslu. Þetta verður skoðað.
- Um það bil 20 manns voru á fundinum.

Fundi var lokið um kl. 13.45

Fundarritari: Sigurbjörn Búi Sigurðsson, [sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is](mailto:sigurbjorn.bui.sigurdsson@or.is)